

Ed. 338. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.